



## Fundargerð (drög)

### Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

46. fundur, sunnudaginn 29. maí 2011, kl. 10:00-14:40 í Orkugarði, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Línadal, Friðrik Dagur Arnarson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi) og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Unnur Brá Konráðsdóttir

#### Fundarfrásögn

**Svanfríður** setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 43. og 44. fundar voru **samþykktar** með fyrirvara um breytingar á einum stað frá Þóru Ellen, þar sem vitnað var í ummæli hennar.

#### 2. Skýrsla verkefnisstjórnar

- a) **Mótvægisáðgerðir.** Fjallað var um mismunandi skilning á hugtakinu og hvenær rétt væri að taka tillit til mótvægisáðgerða í matinu, svo og hvort þær væru innifaldar í framkvæmdinni sjálfri eður ei. Niðurstaða umræðunnar var sú að nánari umfjöllun þarf um mótvægisáðgerðir í skýrsluna í kafla 9. Þóra Ellen ítrekaði ósk sína um lista frá Agnari Olsen yfir þær virkjunarhugmyndir og mótvægisáðgerðir sem faghópur I hefði ekki tekið tillit til.
- b) **Undirkaflar frá einstökum meðlimum verkefnisstjórnar í kafla 9.** Rætt var hvort um væri að ræða sérálit, og svo ekki talið vera, heldur væri fremur um sérstakar áherslur að ræða sem aðrir í verkefnisstjórn væru hlutlausir um. Í framhaldi af umræðunni mun Björg Eva ganga frá sínum undirkafla um samfélagsáhrif sem fer í kafla 9.3 og jafnframt verður fjallað almennt um málið í kafla 9.1 – 9.2.
- c) **Friðlýsing fornminja.** Kristín Huld mun vinna klausu um efnið.
- d) **Svæði skv. 50. gr. laga um náttúruvernd.** Því var beint til Kristínar Lindu að athuga, hvort t.d. Kverkfjöll ættu heima í viðkomandi upptalningu.
- e) **Drög til iðnaðarráðuneytis vegna fundar með Skipulagsstofnun.** Fram kom að drög að lokaskýrslunni á núverandi stigi færu til ráðuneytisins og þaðan í trúnaði til Skipulagsstofnunar vegna ráðgjafar um umhverfismat áætlunar á væntanlegum drögum að þingsályktunartillögu á grundvelli skýrslunnar.
- f) **Óskir um frekari umfjöllun nokkurra atriða.** Friðrik Dagur óskaði eftir nánari umfjöllun um jaðarsvæði (athugasemd frá Guðna), svæði á heimsminjaskrá, „rauð flögg“ og jarðskjálftahættu, auk þess sem æskilegt væri að fjalla um Torfajökulssvæðið sem eina heild.
- g) **Vinnan á næstunni.** Fram kom að skipst verður á textabútum milli einstakra höfunda og ritstjóra á næstunni með afriti til annarra. Umbrot getur farið fram í kjölfar þeirra lagfæringa

sem þar verða gerðar. Jafnframt verður leitað eftir yfirllestri á lokaskýrslunni hjá góðum íslenskumanni.

### 3. Önnur mál

- a) **Röðun eða flokkun virkjunarhugmynda.** Fram voru settar efasemdir um, hvort skjalfest væri með fullnægjandi hætti sú ákvörðun, að verkefnisstjórn skilaði af sér röðuðum lista virkjunarhugmynda, án þess að flokka þær í samræmi við nýsett lög. Málið var rætt og **niðurstaðan var sú að halda sig við þá ákvörðun að verkefnisstjórn skilaði af sér röðuðum lista virkjunarhugmynda, án þess að flokka þær nánar**, enda hefði vinnan miðað að því.
- b) **Framhald málsins eftir að verkefnisstjórn skilar af sér.** Fram kom ósk um að upplýst yrði hverjir myndu vinna að gerð þingsályktunnartillögunnar en fram hafði komið að ráðuneytið hefði falast eftir því að m.a. kæmu formenn faghópa að vinnunni sem sérfræðingar. Var formanni falið að grennslast fyrir um málið.
- c) **Varðveisla gagna úr 2. afanga rammaáætlunar.** Það var áréttað að iðnaðarráðuneytið hefur falið Orkustofnun að varðveita öll gögn úr vinnu að 2. áfanga. Skjalastjóri Orkustofnunar er Hrafnhildur Þorgeirsdóttir og ber að hafa samband við hana varðandi það.
- d) **Nafnlaus skoðanakönnun um flokkun.** Formaður setti fram þá hugmynd að fram færi nafnlaus skoðanakönnun meðal meðlima verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarhugmynda í nýtingar-, bið- og verndarflokk og mundi niðurstaðan fylgja öðrum gögnum frá verkefnisstjórn til þeirra sem ynnu að þingsályktunartillögunni. Var því vel tekið.
- e) **Næsti fundur** var ákveðinn fimmtudaginn 2. júní (uppstigningardag) kl.18 á Orkustofnun.

Kristinn Einarsson